

A 1743/presidiet

Afgreiðsla: Forsætisnefnd

**Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu um norrænt áhrifamat á löggjafarstarfi vegna ESB****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún kanni möguleika á að taka upp þá föstu starfshætti á forgangssviðum að láta samnorrænt áhrifamat fara fram á löggjafarstarfi þar sem norrænu þjóðþingin innleiða sömu ESB-gerð.

Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beindi tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún kannaði möguleika á að taka upp þá föstu starfshætti að láta samnorrænt áhrifamat fara fram á löggjafarstarfi þar sem norrænu löndin innleiða ESB-gerð sameiginlega.

ESB-tilskipun er bindandi fyrir aðildarríki sambandsins og fyrir aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins EES að því er varðar markmið hennar. Val á formi og aðferð við innleiðinguna er á hinn bóginn undir stjórnvöldum í hverju landi komið. Mismunandi réttarkerfi og -hefðir í aðildarríkjunum valda miklu um mismunandi túlkun á tilskipunum ESB. Innleiðing ESB-tilskipunar getur þar af leiðandi leitt til nýrra stjórnsýsluhindrana.

Áhrifamat á tilskipunum ESB hefur lengi verið í umræðunni á norrænum vettvangi. Í norrænu Vitringaskýrslunni frá árinu 2000 er lögð áhersla á sameiginleg viðmið gagnvart ESB. Samkvæmt beiðni þrýstihóps Norrænu ráðherranefndarinnar, sem nefnist „Gränshinderforum“ (Stjórnsýsluhindranavettvangur), var árið 2009 gefin út skýrslan „Nordisk samarbejde om gennemførelse af EU- og EØS-lovgivning“ (Norrænt samstarf um innleiðingu löggjafar ESB og EES). Í henni kom fram að ekki eigi sér stað nein regluleg umræða eða samvinna milli norrænu landanna þegar kemur að innleiðingu á gerðum ESB.



Við umræðurnar um stjórnsýsluhindranir í norrænu þjóðþingunum árið 2012 voru gerðar tillögur um norrænt áhrifamat eða að sérhvert lagafrumvarp skyldi sent til umsagnar í öðrum norrænum löndum. Johan Strang stingur upp á sameiginlegum starfshópum vegna innleiðingar á ESB-tilskipunum í skýrslu sinni til ráðherranefndarinnar *Nordiska Gemenskaper: en vision för samarbetet* (2012) (Norræn samfélög: Framtíðarsýn fyrir samstarfið). Í stefnumörkuninni um frjálsa för fyrir árin 2014–2017, sem kom út í tengslum við stofnun Stjórnsýsluhindranaráðsins árið 2014, segir að samstarf um lagasetningu vegna ESB sé skilvirk aðferð til að vinna gegn nýjum stjórnsýsluhindrunum.

Árið 2015 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli til ráðherranefndarinnar um að innleiða þá föstu starfshætti að fara ítarlega yfir væntanlegar ESB-gerðir.

Flokkahópur miðjumanna kynnti þingmannatillöguna A 1743/presidiet á 69. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Flokkahópur miðjumanna vill koma á ferli sem kemur í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum vegna mismunandi túlkunar og innleiðingar á tilskipunum ESB en um leið að það útheimti eins litla skriffinnsku og kostur er.

Umsagnir

Forsætisnefndin tók þá ákvörðun á fundi sínum í Kaupmannahöfn 28. nóvember 2017 að senda drögin að nefndaráliti um þingmannatillöguna til umsagnar hjá Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni og til stjórnsýsluhindranahóps Norðurlandaráðs.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndin ákvað að svara umsagnarbeiðninni með vísun til tillagna Inge Lorange Backers í skýrslu hans „*Eftl norrænt löggjafarsamstarf – tækifæri og áskoranir*“ og taka að öðru leyti undir tillögu nefndarálitsins.

Skýrsla Inge Lorange Backers fjallar meðal annars um norrænt samstarf í málefnum ESB. Í skýrslunni er lagt til að Norræna ráðherranefndin taki saman yfirlit yfir lagafrumvörp ESB sem gætu haft áhrif á löggjöf í norrænu löndunum. Þörfin á norrænni samræmingu við innleiðingu ESB-gerða er breytileg eftir sviðum og gæti það land sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni séð um að forgangsraða. Ef löndin skipta með sér verkum í sambandi við innleiðinguna geta þau sparað tíma og fjármagn og aukið einsleitni á réttarsviðinu á Norðurlöndum. Í tilvikum þar sem löggjöf á Norðurlöndum er nú þegar sambærileg gætu norrænu löndin sett sérfræðingahópa á fót sem semdu tillögur um hvernig innleiðingu yrði háttað.

Að lokum leggur Inge Lorange Backer til í skýrslu sinni að komið verði á fót samstarfi um þýðingar á ESB-gerðum til að koma í veg fyrir mismunandi innleiðingu vegna mismunandi túlkunar á orðalagi frumskjalanna. Jafnframt mætti taka saman orðabók yfir norræn lögfræðihugtök í þessum tilgangi.



Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs

Stjórnsýsluhindranahópurinn tók undir tillögu forsætisnefndarinnar að nefndaráliti um þingmannatillögu um norrænt samstarf um innleiðingu ESB-gerða en taldi skynsamlegt að leggja áherslu á eitthvert eitt eða einhver fá svið.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Bertel Haarder frá flokkahópi miðjumanna mælti fyrir tillögunni á fundi forsætisnefndarinnar í Kaupmannahöfn 28. nóvember 2017. Tilskipanir ESB hafa áhrif á alla samfélagsþegna og í flestum tilfellum á að innleiða þær hjá öllum norrænu löndunum (að undanskildum Færeyjum og Grænlandi). Meðal annars í byggingariðnaði eru dæmi um mismunandi innleiðingu norrænu landanna á tilskipunum ESB.

Í forsætisnefndinni voru menn ekki á einu máli um hvort norrænt áhrifamat á ESB-gerðum myndi auka skilvirkni eða í raun seinka innleiðingu á ESB-tilskipunum. Auk þess höfðu menn mismunandi skoðanir á hver ætti að gera slíka áhrifagreiningu, þjóðþingin eða starfsmenn ráðuneyta.

Forsætisnefndin telur rétt að forgangsraða ákveðnum ESB-gerðum við áhrifamatið og að það eigi ekki að gilda um aðrar ESB-gerðir en þær sem á að innleiða alls staðar á Norðurlöndum (þ.e.a.s. þær sem varða EES). Forsætisnefndin leggur áherslu á að mögulegt áhrifamat fari eingöngu fram á forgangssviðum.

Forsætisnefndin tekur fram að hvorki sé um að ræða athugun á möguleikum á að koma við norrænu áhrifamati né samnorræna innleiðingu á ESB-gerðum heldur könnun á hugsanlegu áhrifamati.

Hoel Gård, Noregi, þann 27. júní 2018

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Henrik Dam Kristensen (S)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Phia Andersson (S)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Staffan Danielsson (C)

Wille Rydman (Saml)